

Mat í lok samræðu

Þegar hópur hefur lokið samræðu í kennslustofunni er gagnlegt að gera af og til stutt, sjónrænt mat á því hvernig nemendum fannst ganga. „Puttamat“ (e. thumbs up or down) er einföld leið sem er mjög áhrifarík því nemendur fá svo skýr skilaboð um þá vinnu sem þeir hafa nýlokið við – og skilaboðin koma frá félagahópnum og því er erfiðara fyrir einstaklinga að hunsa þau.

Til að puttamat virki er mikilvægt að hópurinn sitji í hring, þannig að allir sjái alla.

Kennari spyr hópinn um þau atriði sem skipta máli til að samræða sé góð. Gott er að kennari velji eina spurningu um eitthvað sem hann telur að hafi gengið vel (jákvæð svör líkleg) og aðra spurningu sem kennarinn telur að nemendur þurfi að bæta.

Eftir hverja spurningu eiga nemendur að sýna svarið sitt með útréttri hönd (ekki tala á meðan allir skoða skilaboðin):


Snúa þumli upp (jákvætt svar)	Snúa þumli niður (neikvætt svar)	Halda þumli mitt á milli (afstöðuleysi, bæði og, sumir...)
		

Kennari metur hvort hann biður einstaka nemendur að útskýra matið sitt, t.d. einn jákvæðan og einn neikvæðan. Það er líka mikilvægt að biðja „hlutlaus“ að útskýra matið sitt af og til, svo hlutleysi verði ekki leið til að forðast matið og taka enga afstöðu.

Ef hópur hefur sett sér samræðureglur er mikilvægt að spyrja út frá þeim, spyrja hvort þær reglur hafi verið haldnar í nýlokinni samræðu.

Aðrar spurningar sem má nýta við mat í lok samræðu:

- ? Sýndu allir virðingu?
- ? Hlustuðu allir vel í hópnum?
- ? Tóku allir þátt í samræðunni?
- ? Hjálpuðum við hvert öðru að komast að í samræðunni?
- ? Var skýrt um hvað við vorum að ræða?
- ? Komu fram góðar spurningar um umræðuefnið?
- ? Lærðir þú eitthvað nýtt í samræðunni?
- ? Var samræðan skemmtileg?
- ? Var samræðan gagnleg?



Eitt í lokin:

Ef ekki er gott traust milli nemenda í hópnum getur verið betra að gera matið á nafnlausum miðum. Kennari getur beðið um svör við einni af spurningunum hér að ofan eða hreinlega beðið alla um að skrifa stuttar setningar um hvað gekk vel í samræðunni og hvað hefði mátt gera betur. Kennari getur svo lesið upp svörin (nafnlaus) í næsta tíma til að ræða hvað hópnum finnst þau þurfi að bæta og líka hvað þau geri vel.